

Vistunarreglur, Árvist tómskundaskóla

1. Fjárhagsáætlun tómskundaskólans ár hvert og stærð þess húsnæðis sem hann hefur til umráða setur ramma utan um starfsemina. Þetta ákvarðar fjölda barna sem er á skrá og þann fjölda starfsmanna sem nauðsynlegur er hverju sinni.
2. Eins og áður hafa börn af upptökusvæði Árskóla úr dreifbýli forgang. Það þarf hinsvegar að sækja um fyrir þau eins og önnur börn. Þau greiða aðeins efnis- og þátttökugjald og fæðiskostnað. Ef börnin vistast lengur en skipulagður skólaakstur segir til um greiðist sú vistun og fæði að fullu.
3. Börn úr 1. og 2. bekk hafa að öðru jöfnu forgang umfram eldri börn. Gengið er út frá því að þessi börn hafi öll lögheimili í Skagafirði. Sæki barn um sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi þarf að ganga skriflega frá samkomulagi um hver greiðir vistunarkostnaðinn og ábyrgist hann. Skráningar í tómskundaskólann fyrir komandi skólaár eiga sér stað í maí. **Umsóknin gildir einungis fyrir komandi skólaár.**
4. Börn sem búa við fötlun og/eða veikindi og börn sem búa við félagslega eða fjárhagslega örðugleika njóta forgangs að öllu jöfnu. En til þess að svo verði þarf að koma tilvísun frá Félagsþjónustu Skagfirðinga.
5. Plássu í tómskundaskólann er í meginatriðum úthlutað samkvæmt liðum 3 og 4, þó hefur dagsetning umsóknar áhrif á úthlutun. Óski forstöðumaður eftir sérstökum aldri og/eða kyni barns inn í tómskundaskólann, skal tekið tillit til þess við úthlutunina.
6. Greitt er fyrir fyrirfram ákveðinn tímafjöld á viku, óháð því hvort barnið mæti alla dagana eða ekki. Ekki er greitt fyrir þá daga sem tómskundaskólinn er lokaður. Foreldrar sem vinna breytilegan vinnutíma hafa möguleika á að breyta vistunartíma barna sinna eftir skipulagi vinnunnar. Þurfa þeir í þeim tilvikum að afhenda forstöðumanni vaktatöflu sína fyrir hver mánaðarmót. Greitt er sérstaklega fyrir alla tíma og þær máltíðir sem barnið er í skólanum umfram það sem fyrirfram er ákveðið t.d. þegar starfsdagar eru í skóla eða önnur skólafrí.
7. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur vistunar í skólanum er einn mánuður og miðast við 1. hvers mánaðar. Óski foreldrar/forráðamenn breytinga á vistunartíma verða þær einungis gerðar um mánaðarmót og þarf að vera búið að tilkynna breytingarnar fyrir 15. hvers mánaðar.
8. Gjöld eru greidd eftirá, gjalddagi er 10. hvers mánaðar. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.
9. Ef gjald hefur ekki verið greitt að mánuði liðnum fær viðkomandi forráðamaður sent ítrekunarbref þar sem sett er á heimild til að segja upp plássinu ef ekki er staðið í skilum.
10. Hafi skuldin ekki verið greidd eða um hana samið eftir einn mánuð (30 daga) frá gjalddaga, er viðkomandi forráðamanni afhent uppsagnarbref þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn er 10 daga frestur til að ganga frá skuldinni ella verður barnið að hætta á fyrrgreindum tíma, að þeim tíma liðnum er send lokaadvörum og lögfræðingi falið að innheimta skuldina.

